



Fundargerð

178. fundur stjórnar HEF ehf haldinn á Hótel Héraði, miðvikudaginn 12. nov 2014 kl. 12:00

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Guðbjörg Björnsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Karl Lauritzson, Skúli Björnsson og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi:

Dagskrá:

1. Svarbréf frá Lánasjóði sveitafélaga
2. Lánasamningur við Arion banka
3. Erindi frá Yl-strandar félögum
4. Skýrsla framkvæmdastjóra
5. Önnur mál (Skógarorka)

Gengið til dagskrár

Gunnar Jónsson formaður stýrði fundi.

1. Svarbréf frá Lánasjóði sveitarfélaga

Jón Jónsson hrl. sat fundinn undir þessum lið. Jón fór yfir forsögu málsins og framkvæmd lánveitingarinnar. Þá fór Jón yfir tvær framlagðar dómsniðurstöður og svaraði fyrirspurnum.

Stjórn er sammála um að fara betur ofan í gögn og afgreiða málið á næsta fundi.

2. Lánasamningur við Arion banka

Framkvæmdastjóri fór yfir viðræður vegna lánasamnings við Arion banka sem gjaldfellur í desember n.k. en er með framlengingarheimild.

Stjórn samþykkir samhljóða að framkvæmdastjóri klári samningsgerð á grunni framlagðs tölvupóst-samkipta.

3. Erindi frá Yl-strandarfélögum

Framkvæmdastjóri fór yfir framlögð gögn.



Stjórn samþykkir að staðið verði við loforð stjórnar frá því s.l. vetur enda hafi þau skilyrði sem sett voru við afgreiðslu erindisins uppfyllt. Framkvæmdastjóra falið að greiða styrkinn í desember 2014 og febrúar 2015 gegn samantekt á útlögðum kostnaði í verkefnið.

4. Skýrsla framkvæmdastjóra.

- Starfsmannamál
- Búið að tengja hitveitu í Kelduhóla og lögn komin í Lönguhlíð
- Búið að tengja aðstöðuhús Kirkjugarðsins
- Verið vinna í færslum og uppröðun vegna uppsetningar á dælum í Kyndistöð.
- Ljósleiðari frá Fossgarði að Randabergi

5. Önnur mál

- a) Skógarorka – farið yfir umræðu frá því sumar varðandi aðkomu HEF ehf. að rekstinum. Samþykkt að Gunnar og Karl setjist með framkvæmdastjóra til að setja upp áætlun um framgang verkefnisins.
- b) Næsti fundur verður haldinn miðvikudaginn 26. nóv. n.k. kl 12:00.

Fundargerð upp lesin og fundi slitið kl. 13:55

Fundargerð ritaði Skúli Björnsson